

AUGLÝSING

Persónuverndar um flutning persónuupplýsinga til annarra landa.

1. gr.

Útvíkkun gildissviðs.

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu eða í eftirtöldum löndum:

1. Sviss
2. Ungverjaland
3. Kanada

Hið sama á við um vinnslu sem fram fer af hálfu fyrirtækja sem uppfylla í hvívetna skilyrði meginreglna um „örugga höfn“, sbr. leiðbeiningar í „algengum spurningum og svörum“, sem birtar hafa verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 2001/EES/51/38, bls. 335.

2. gr.

Fullnægjandi vernd.

Lög þeirra ríkja sem talin eru upp í 1. mgr. 1. gr. teljast veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi 29. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og því er heimilt að flytja persónuupplýsingar til þeirra ríkja, að fullnægðum skilyrðum laganna.

Hið sama á við um þær meginreglur um „örugga höfn“, sbr. leiðbeiningar í „algengum spurningum og svörum“, sem tilgreindar eru í 2. mgr. 1. gr.

3. gr.

Föst samningsákvæði.

Ábyrgðaraðila er heimilt að miðla persónuupplýsingum til ábyrgðaraðila í þriðja ríki, þótt það veiti ekki fullnægjandi persónuupplýsingavernd í skilningi 30. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, ef hinn hérlendi ábyrgðaraðili hefur áður gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hefur að geyma þau föstu samningsákvæði sem birt hafa verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 2002/EES/47/12, bls. 78.

Ábyrgðaraðila er heimilt að miðla persónuupplýsingum til vinnsluaðila í þriðja ríki, sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd í skilningi 30. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, ef ábyrgðaraðili hefur áður gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hefur að geyma þau föstu samningsákvæði sem birt eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 2003/EES/23/49, bls. 316.

4. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 1. mgr. 6. gr., 4. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. lög nr. 90/2001.

Persónuvernd, 22. maí 2003.

Valtýr Sigurðsson formaður.

Sigrún Jóhannesdóttir.